Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 14. Apríl 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

1. **Reiðveganefnd (Jón/Halldór)**
   Jón Magnússon og Halldór Halldórsson komu og fóru yfir reiðvegamálin. Allir reiðstigar innan skipulagsmarka Kjóavalla eru allir á ábyrgð Sveitarfélaga, Kópavogs og Garðabæjar. Best væri að koma á laggirnar einskonar samráðsnefnd sveitarfélaganna sem hægt er að snúa sér með reiðvegamál, snjómokstur og ljósamál. Það þarf að yfirfara þá samninga sem eru í gildi og fara yfir þá með bæjarfélögunum.
   Þegar þornar verður farið í lagfæringar á núverðandi reiðvegi með því fjármagni sem til er.
   Einnig minntist Jón á að það þyrfti að stytta mönina sem er upp með Markarveginum., þar hefur myndast hálfgert blindhorn sem gott væri að losna við.
   Mikilvægt að fylgja því eftir að Spretti verði bætt reiðvegatapið sem var vegna framkvæmda við Urriðaholt, 6,5 km hurfu en ennþá eru bara komnir 2km í staðinn.
   GKG er með hugmyndir um að fá svæði fyrir nýjan golfvöll austan við Guðmundarlund. Mikilvægt fyrir Sprett aðfylgjast vel með því máli.

2. **Mótanefnd**
   Arnhildur Halldórsdóttir kom á fundinn til að ræða komandi stórmót og þá sérstaklega Íþróttamóið sem verður haldið 21 maí. Arnhildur og Sigríður Helga eru til í að stjórna undirbúa mótið en það vantar aðila til að sjá um sjálfboðaliða og fótaskoðun, best að fá tvo aðila sem geta skipt þessum dögum á milli sín. Ýmislegt sem sem snýr að mótahaldinu almennt ver rætt eins og þátttöku knapa í sjálfboðastörfum, mikilvægi þess að finna góða þuli í tíma og matarmálin svo eitthvað sé nefnt. Það er í mörg horn að líta og því mikilvægt að finna aðstoðarfólk sem fyrst.
   Arnhildur stofnar viðburðinn í Sportfeng.
   Svo var rætt um að fá Hannes Sigurjóns og Ríkharð Flemming til að sjá um gæðingamótið, Halldór heyrir í þeim með það.

3. **Firmakeppni**
   Firmakeppnin er framundan og þarfnast einhvers undirbúnings. Halldór tekur að sér að finna dómara. Og svo þarf að finna einhvern til að þylja, Hrafnhildur er til taks ef þörf er á. Einnig þarf að huga að verðlaunapeningum og reyna að hafa uppi á þeim bikurum sem ekki hafa skilað sér.

4. **Töltgrúppa**
   Allt í vinnslu fyrir sameiginlega viðburð með Tölthóp Sleipnis sem fyrirhugaður er.

5. **Merki Sprettskórins**
   Það kom fyrirspurn frá Sprettskkórnum um afnot af Sprettsmerkinu. Samþykkt að kórinn noti hluta af merki félagsins, mynd af hestinum**.**

6. **Heimsókn framboða**
   Framboð nokkurra stjórnmálaflokka hafa óskað eftir því að koma í heimsókn og ræða við okkur um málefni Spretts og sjá hjá okkur aðstöðina. Viðreisn frá Kópavogi og Garðabæ koma 21.4, kl. 17.

7. **Viljayfirlýsing**
   Halldór ætlar að vera í sambandi við Jónínu til að ræða næstu skref, þetta þarf að klárast sem fyrst.

8. **Mottur í anddyri**
   Sævar er búinn að kanna verð hjá einum aðila og er það um 375 þú fyrir utan vsk. á hluta af rennu Samskipahallarinnar. Sævar kannar fleiri möguleika en allir sammála um að skoða þetta af alvöru.

9. **Viðrunarhólf**
   Ákveðið var að halda verðinu á viðrunarhólfunum óbreyttu frá fyrra ári og hfa sama fyrirkomulag við úthlutun og seinustu ár. Senda þarf út tilkynninu um að opið sé fyrir umsóknir og fljótlega þarf að fara í að yfirfara hólfin. Haraldur og Berglind taka málið áfram

10. **Rekstrarhringur**
    Rætt um undirbúning á fyrirhuguðum rekstrarhring, áætlaðan kostnað ofl. Farið verður betur í málið á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson